



Iðjuþjálfar á Reykjalundi taka þátt í skólatöskudögum

Víkuna 26.-30.september standa yfir skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands sem er forvarnar verkefni sem felst í fræðslu til barna á grunnskólaaldri um hvernig á að raða í skólatöskuna, hver sé æskileg þyngd hennar miðað við þyngd barnsins og hvernig stilla á skólastöskuna á bakinu til að fyrirbyggja vandamál í stoðkerfi. Iðjuþjálfar á Reykjalundi hafa tekið virkan þátt í þessu verkefni frá upphafi, (2006) og notið velvildar framkvæmdastjórnar fyrir þeirri þátttöku. Nú taka 8 iðjuþjálfar þátt í verkefninu ásamt iðjuþjálfanema sem er í vettvangsnámi hér.